


Tennissamband Íslands



Mættir: Helgi, Þrándur, Bragi, Raj og Jónas(kom undir lok fundar)

Fundarritari: Bragi

Fundarefni:

1. **Reikningar.** Farið var yfir nokkra reikninga sem höfðu borist.
2. **Styrkir.** Farið yfir umsóknir um styrki, en foreldrar komu að vinnu í kringum þá.
3. **Afreksstefna.** Afreksstefnan var rædd, en hún verður lögð fyrir næsta ársþing.
4. **Jólamótin.** Undirbúningur gengur vel.
5. **Tennis í námsskrá kennaraháskólans.** Næst ekki að taka þetta inn haustið 2012, en þó verður haldið námskeið þá vorið 2012. Líklega koma Raj og Jón Axel að því. Síðan kemst þetta formlega á dagskrá hjá kennaraháskólanum haustið 2013.
6. **Þróunarmót í Tyrklandi.** Þetta er fyrir U14 og U12.
7. **Efnileg íslensk-frönsk ungmenni.** Raj sagði frá því að líklega myndu 14 stúlka og 17 ára piltur sem búsett eru í Frakklandi taka þátt í jólamótinu.
8. **Siðareglur.** Helgi tók að sér að útbúa drög að siðareglum.
9. **Stigalisti TSÍ.** Stigalistinn sem Þrándur hefur verið að vinna var lagður fram. Nokkrar ábendingar komu fram sem Þrándur tók til úrvinnslu.
10. **Meistaramót TSÍ.** Miklar umræður spunnust um hvort eingöngu ætti að miða við stigalista TSÍ varðandi rétt til þess að taka þátt í mótinu. Jónas var hlynntur því að jólamótið gæfi eitt eða tvö sæti beint inn á mótið. Niðurstaðan varð sú að miða eingöngu við stigalista TSÍ, en geraa jólamótinu hærra undir höfði, þannig að það gæfi fleiri stig (1. stigs mót). Ákveðið var að reyna einnig að halda meistaramót kvenna, þótt e.t.v. yrðu færri keppendur.
11. **Tímar TSÍ í tennishöllinni.** Ákveðið var að halda tímunum í höllinni áfram og stuðla að því að auka keppnisreynslu með áskorendakeppni.